

NEYTENDALÁN



NEYTENDASTOFA

LÖG UM NEYTENDALÁN

Neytendalán er lánessamningur sem lánveitandi gerir við neytanda, þ.e. einstakling sem tekur lán ótengt atvinnustarfsemi. Lánessamningur getur t.d. verið veðlán, skuldabréf, bílasamningur (kaupleiga), yfirdráttarheimild, raðgreiðslusamningur eða smálán.

Markmið laga um neytendalán, nr. 33/2013, er að auka neytendavernd, tryggja samræmt lagaumhverfi innan Evrópska efnahagssvæðisins, stuðla að aukinni upplýsingagjöf um lánskjör og auðvelda neytendum samanburð á tilboðum um lán. Lögin leggja ríkar skyldur á lánveitendur um að upplýsa um allan kostnað og vexti við lán. Neytendum ber skylda til að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu sína við mat á láns hæfi. Neytendastofa annast eftirlit með ákvæðum laganna en þau byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/48/EB um lánessamninga fyrir neytendur.

LYKILATRIÐI LAGANNA ERU

Árleg hlutfallstala kostnaðar (ÁHK)

Auglýsingar lánveitanda

Upplýsingar veittar fyrirfram

Vaxtabreytingar

Réttur til að falla frá samningi

Greiðsla fyrir gjalddaga

Upplýsingaskylda neytanda



ÁRLEG HLUTFALLSTALA KOSTNAÐAR (ÁHK)

Lánveitandi leggur fram árlega hlutfallstölu kostnaðar sem er heildarlántöku-kostnaður, lýst sem árlegu hlutfalli af heildarfjárhæð sem neytandi greiðir. Árleg hlutfallstala kostnaðar nýtist neytendum til að bera saman mismunandi lánstilboð því hún tekur saman allan kostnað og vexti sem fylgja lánstilboði og setur fram í einni prósentutölu.

Ef vextir og önnur gjöld lánessamnings eru breytileg skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

Ef lánessamningur heimilar verðtryggingu skal útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar miðast við ársverðbólgu samkvæmt 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og þá forsendu að ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstímans.

Hámark er á árlega hlutfallstölu kostnaðar á neytendalánum og má kostnaðurinn ekki nema meira en 50% að viðbættum stýrivöxtum.

AUGLÝSINGAR LÁNVEITANDA

Í auglýsingum um lánstilboð ber að gefa upplýsingar um lánskjör á skýran og greinargóðan hátt til að auðvelda neytendum að gera samanburð á lánstilboðum.

UPPLÝSINGAR VEITAR FYRIRFRAM

Neytendum eru veitt ýmis réttindi með lögnum. Sem dæmi má nefna að lánveitanda ber að veita neytanda víðtækar upplýsingar um lánið áður en til samningsgerðar kemur. Neytandi á alltaf rétt á að fá eintak af lánessamningnum á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Meðal upplýsinga eru staðlað eyðublað og þróun verðlags og vaxta.

Staðlað upplýsingablað

Lánveitendum ber skylda til að leggja fram upplýsingar á stöðluðu formi. Upplýsingunum er ætlað að auðvelda neytanda að bera saman ólík tilboð og taka upplýsta ákvörðun um lántökuna. Á staðlaða upplýsingablaðinu er að finna helstu upplýsingar um samninginn, svo sem tegund láns, heildarfjárhæð þess, gildistíma samningsins, útlánsvexti og viðmiðunarvexti ef vextir eru breytilegir og árlega hlutfallstölu kostnaðar.

Þróun verðlags og vaxta


Lánveitandi á að veita upplýsingar um þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra á breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði með hliðsjón af sögulegri þróun ef um verðtryggt lán er að ræða. Þá á að veita upplýsingar um breytingar á greiðslubyrði ef um óverðtryggt lán er að ræða.

Ásamt upplýsingum á stöðluðu upplýsingablaði fær neytandi upplýsingar um þróun verðlags og ráðstöfunartekna síðustu 10 ár og dæmi um breytingar á greiðslubyrði lána sem Neytendastofa birtir á vef sínum.

Við veitingu verðtryggðra lána afhendir lánveitandi neytanda niðurgreiðslutöflur verðtryggðra lána miðað við meðaltals ársverðbólgu síðustu 10 ára. Neytandi getur ávallt óskað eftir niðurgreiðslutöflu þar sem miðað er við ársverðbólgu s.l. 12 mánuði.

VAXTABREYTINGAR

Í lánessamningi á að koma fram hvaða vexti samningurinn ber. Ef vextir eru breytilegir þarf það að koma fram með skýrum hætti auk þess sem viðmiðunarvextir, eða þeir vextir sem eru í gildi þegar lánið er tekið, eiga að vera tilgreindir. Þegar lánveitandi hyggst breyta vöxtum á hann að tilkynna neytanda það með 30 daga fyrirvara. Ef vaxtabreytingar eru gerðar vegna



breytinga á viðmiðunargengi, viðmiðunarvöxtum eða vísitölu geta lánveitandi og neytandi komið sér saman um að lánveitandi gefi þessa upplýsingar með ákveðnu millibili.

RÉTTUR TIL AÐ FALLA FRÁ SAMNINGI

Í allt að 14 daga frá undirritun lánessamnings á neytandi rétt á að hætta við og falla frá samningi. Falli neytandi frá samningi þarf hann að greiða áfallinn kostnað skv. samningnum, t.d. vexti og verðbætur.

GREIÐSLA FYRIR GJALDDAGA

Neytandi hefur alltaf rétt á að greiða lánið upp, að hluta eða í heild, fyrir þann tíma sem samið hefur verið um. Lánveitandi getur krafist þess að neytandi greiði uppgreiðslugjald en það má aldrei vera hærra en 1% af fjárhæðinni sem greidd er upp.

Lánveitandi má ekki krefjast uppgreiðslugjalds í eftirfarandi tilvikum: ef um er að ræða yfirdráttarheimild, ef lánið ber breytilega vexti, ef ástæða uppgreiðslunnar er gjaldfelling lánsins af hálfu lánveitanda, ef uppgreiðslan er lægri en ein milljón á ársgrundvelli og ef greiðslan er gerð samkvæmt váttryggingasamningi sem er ætlað að tryggja greiðslu lánsins.

Hafa þarf í huga að þetta á einungis við um lán sem tekin eru eftir 1. nóvember 2013 og geta aðrar reglur gilt um uppgreiðslu lána sem tekin voru fyrir þann tíma.

UPPLÝSINGASKYLDA NEYTANDA

Áður en lánssamningur er gerður er lánveitanda ávallt skylt að meta lánshæfi neytanda og gera lánshæfismat. Til viðbótar skal lánveitandi meta greiðslugetu með greiðslumati þegar sótt er um lán sem er 2.000.000 kr. eða hærra en 4.000.000 kr. eða hærra ef hjón sækja um lán.*

Lánshæfismat

Lánshæfismati er ætlað að meta líkurnar á því hvort neytandi geti efnt lánssamninginn. Matið er byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að gefa vísbendingu um líkindi á efndum svo sem á viðskiptasögu milli neytanda og lánveitanda eða á vanskilauplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmál-efni og lánstraust þegar engin viðskiptasaga er fyrir hendi.

Greiðslumat

Greiðslumat er útreikningur á greiðslugetu neytanda miðað við eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Neytandi þarf því að afhenda lánveitanda ýmis gögn sem greiðslumatið er byggt á.

*Allar fjárhæðir í lögnum taka breytingum 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Sem dæmi um gögn vegna greiðslumats má nefna staðfest afrit af síðasta skattframtali, staðfestingu á tekjum síðustu þriggja mánaða, staðfestingu á eftirstöðvum og greiðslubyrði allra skulda auk þinglýsingarvottorðs á fasteignir í eigu neytanda, upplýsingar um matsverð fasteigna í eigu neytanda eða fasteigna sem hann hyggst kaupa, upplýsingar um húsaleigugreiðslur og önnur föst gjöld svo sem meðlagsgreiðslur.

Í reglugerð um framkvæmd láns hæfis- og greiðslumats er að finna nánari upplýsingar um hvernig vinna eigi þessi mót og á hvaða forsendum þau skulu byggja. Reglugerðin á að tryggja að láns hæfis- og greiðslumöt séu gerð með sambærilegum hætti hjá öllum lánveitendum.

Nánari upplýsingar

Fáðu aðstoð eða kynntu þér nánar
lög og reglugerðir um neytendalán á
heimasíðu Neytendastofu,
neytendastofa.is.



NEYTENDASTOFA

Útgefandi: Neytendastofa 2013©
Hönnun: grafik.is

**KYNNTU ÞÉR LÖG OG REGLUGERÐIR UM
NEYTENDALÁN Á HEIMASÍÐU NEYTENDASTOFU,
NEYTENDASTOFA.IS**



NEYTENDASTOFA

Neytendastofa - Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 510 1100 - Bréfasími 510 1101 - postur@neytendastofa.is